

***Innflutningur á tengivögnum, kælikössum og kælivélum**
***Tollflokun**

Úrskurður nr. 6/1998.

Í máli þessu reis ágreiningur um tollflokun á tengivögnum, kælikössum og kælivélum sem fluttar voru til landsins. Innflytjandi taldi að flokka bæri tengivagnana í tnr. 8716.3900, kælikassana í tnr. 8609.0000 og kælivélarnar í tnr. 8418.6109. Tollstjóri taldi að um væri að ræða nánast fullbúna festivagna til flutninga á kældum eða frystum varningi og bæri að samtolla vöruna í tnr. 8716.3900, nema aðra kælivélina sem var umfram (stök), en hana bæri að tollflokka í tnr. 8418.6909. Ríkistollanefnd staðfesti niðurstöðu tollstjóra um tollflokun varanna.

Lög nr. 55/1987 100. gr., 101. gr., túlkunarreglur 2a og 3b, svo og 1 og 2b.

Með bréfi, dags. 10. september 1998, kærir A, úrskurð tollstjórans í H, dags. 29. júní 1998. Ágreiningur er um tollflokun á kælikössum, kælivélum og gámagrindum. Við innflutning voru kassarnir festir á vagnana og í öðrum þeirra voru báðar kælivélarnar. Tollstjóri hafnaði kröfu kæranda um að við tollafgreiðslu yrðu vagnarnir tollflokkaðir í tollskrárnúmer 8716.3900, kassarnir í tnr. 8609.0000 og kælivélarnar í tnr. 8418.6109. Tollstjóri telur að um sé að ræða nánast fullbúna festivagna til flutninga á kældum eða frystum varningi og ætti því að samflokka í tnr. 8716.3900 nema önnur frystivélin sem umfram var í öðrum kassanum hún skuli tollflokka í tnr. 8418.6909. Varan kom til landsins á fimm sendingarnúmerum, tengivagnarnir komu til landsins í sendingum nr. S-ARN-29-04-8-DK-AAR-B012 og S-ARN-29-04-8-DK-AAR-B013, kælikassar komu til landsins í sendingum nr. S-ARN-29-04-8-DK-AAR-B017 og S-ARN-29-04-8-DK-AAR-B018 og tvær kælivélar í sendingu nr. S-ARN-29-04-8-DK-AAR-B022.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra kemur fram að hann telur að varan sem hér um ræðir sé samsett. Kælikassarnir séu festir á grind gá mavagnanna með gámafestingum. Þeir séu af sömu lengd og breidd og vagnarnir. Hleðsludyr séu á vinstri hlið og gaffli. Rafleiðsla sé fasttengd milli vagns og kassa. Gaumljós séu á framhliðum og gaffli. Kassarnir séu ekki með rennu fyrir lyftaragaffla eða annan búnað sem gerir það kleift að hífa eða taka þá af vögunum á auðveldan hátt. Þá hafi tvær kælivélar verið í öðrum kælikassanum. Úrtak fyrir kælivél af sömu stærð sé efst á framhliðum. Tollstjóri telur að hér sé um að ræða nánast fullbúna festivagna til flutnings á kældri og/eða frystri vöru.

Með hliðsjón af því úrskurðar tollstjóri samkvæmt 100. gr. tollalaga nr. 55/1987 og með tilvísun í almennar reglur um túlkun tollskrárinnar nr. 2 a og 3 b að kælikassi, ein kælivél og vagn í sendingu nr. S-ARN-29-04-8-DK-AAR-B012 skuli samtollast í vörulið 8716.3900. Kælivélin sem eftir stendur skuli tollflokka í vörulið 8418.6909. Kælikassi sem festur er á vagn í sendingu nr. S-ARN-29-04-8-DK-AAR-B013 skuli samtollast með vagninum í vörulið 8716.3900.

Í kæru kæranda kemur m.a. fram að grundvöllur kæru hans sé úrskurður ríkistollanefndar nr. 3/1995, frá 13. september 1995, um að plastgámar skuli tollflokka í tollanúmer 8609.000. Þessir plastgámar séu í einu og öllu eins í uppbyggingu og þeir plastgámar sem ríkistollanefnd úrskurðaði um. Plastgámarnir eru ætlaðir til matvælaflutninga og séu sérlega útbúnir sem flytjanlegar einingar með stöðluðum 20 feta gámafestingum.

Kærandi telur að ástæðan fyrir áðurnefndri tollflokun tollstjóraembættisins í H sé sú að ein rafmagnsleiðsla er lá milli plastgámsins og gámagrindarinnar sem plastgámurinn var fluttur inn á hafi verið fasttengd. Þessi leiðsla sýni, að mati tollstjóraembættisins, að gámagrindin og plastgámurinn séu ein heild. Umrædd leiðsla hafi verið tengd til bráðabirgða hjá verksmiðjunni vegna dráttar gámagrindar og plastgáms til hafnar í Danmörku. Hraðtengi sé haft á leiðslum plastgámana til að handhægt sé að taka þá af og setja á gámagrindurnar.

Kærandi segist hafa flutt inn plastgáma í tæp þrjú ár og tollflokkað þá í samræmi við áðurnefndan úrskurð ríkistollanefndar nr. 3/1995, frá 13. september 1995. Því skjóti það skökku við að þessir plastgámar skuli fá aðra meðferð nú. Farið hafi verið í einu og öllu eftir úrskurðum ríkistollanefndar. Kærandi getur þess að úrskurður ríkistollanefndar, nr. 2/1997, frá 5. mars 1997 [ST 1997:124] fjalli um tollflokun á plastgámum sem eru útbúnir klemmufestingum. Nefndin hafi komist að þeirri niðurstöðu að hann væri hluti af festivagninum og ætti að tollflokka með grindinni sem festivagn. Hér sé ekki um sama hlut að ræða. Gámar þeir sem hér er deilt um tollmeðferð á séu ekki með klemmufestingum heldur 20 feta gámalásur. Þeir séu ekki varanlega festir á gámagrindurnar heldur í einu og öllu eins í uppbyggingu og þeir plastgámar sem ríkistollanefnd úrskurðaði um 1995.

Kærandi gerir kröfu um að tollstjóraembættið í H hlíti úrskurði ríkistollanefndar nr. 3/1995, frá 13. september 1995 og fallist verði á tollflokun þessara plastgáma í tollflokka 8609.0000.

Ríkistollanefnd sendi ríkistollstjóra ljósrít af kærinni. Í kröfugerð hans segir svo m.a.:

„Í kærinni til ríkistollanefndar er ekki mótmælt þeirri ákvörðun tollstjóra að flokka aðra kælivelína með þeim kassa sem hún er fyrir og henni framvísað með. Ekki er heldur ágreiningur um að viðkomandi kassar eru sérstaklega hannaðir til festinga á ökutæki fyrir vegi, enda á þeim festingar fyrir gámagrind og gaumljós á framhlið og gaffli. Ágreiningurinn nú snýst einungis um það hvort umræddir kassar séu sjálfstæðir gámar sem flokkast í vörulið 8609 eða losanlegar yfirbyggingar fyrir tengi og festivagna sem flokkast í vörulið 8716.

Sé litið til skýringa við vörulið 8609 á bls. 1542 í skýringarriti Alþjóða- tollastofnunarinnar má sjá að gámar sem flokkast í þann vörulið eru sjálfstæðar flutningseiningar sem henta til þess að flytja vöru frá einum stað til annars þar sem gámurinn er skilinn eftir uns hann hefur verið losaður og eftir atvikum lestaður aftur og er hann þá sóttur og fluttur á næsta stað, „door to door“ flutningar. Til að henta sem slíkir þurfa þeir að uppfylla eftirtalin skilyrði;

1. vera útbúnir festingum sem tryggir að hægt sé að festa þá tryggilega á flutningatækið,
2. hafa einhvers konar búnað sem gerir það mögulegt að hægt sé að taka gáminn af flutningatækinu og setja hann aftur á það á auðveldan og fljótlegan hátt, og
3. vera það sterklega búinir að þeir henti til endurtekinna nota og hægt sé að taka þá af og setja á flutningatækið fullhlaðna.

Kassarnir sem hér um ræðir uppfylla eingöngu fyrsta skilyrðið um tryggar festingar. Þeir hafa ekki neins konar búnað til að auðvelda meðhöndlun þeirra, engar raufar fyrir gaffal á lyftara né króka eða slíkt svo hægt sé að hífa þá af. Ekki er heldur hægt að skjóta stoðum undir kassana og keyra vagninn undan enda myndi þá vagninn ryðja slíkum stoðum um koll. Þá eru þeir alls ekki nógu sterklegir til þess að þola það að vera settir á vagn fullhlaðnir. Í því sambandi má benda á fyrstu málsgrein í lýsingu framleiðanda á vörunni (fylgiskjal 3 með kæru til nefndarinnar) þar sem fram kemur að botninn á kössunum sé sjálfbær á þverveginn en þurfi stuðning vagngrindarinnar á lengdina. Væri reynt að lyfta slíkum kassa fullhlöðnum af vagni myndi hann brotna í tvennt þegar stuðningi vagngrindarinnar nyti ekki lengur. Það er augljóst að kassar þessir henta alls ekki til „door to door“ flutninga og geta því ekki flokkast í vörulið 8609.

Kassar þessir komu til landsins áfastir þeim vögnum sem þeir eru fyrir og var framvísað saman. Ekki skiptir máli þó að í flutningsskjölum skipafélagsins hafi vagn og kassi borið sitt hvort sendingarnúmerið. Vörunni er nánast lýst í vörulið 8716 sem fullbúinn tengi- eða festivagn með útskiptanlegri yfirbyggingu og ber því að flokka hana þar í samræmi við almennar túlkunarreglur tollskrárinnar númer 1 og 2 b. Taka verður tillit til þess að annari kælivelínni var ekki framvísað með þeirri vöru sem hún átti við og verður því að flokka hana sérstaklega.

Með vísan í framanritað og að öðru leyti með vísan í forsendur hins kærða úrskurðar tollstjóra, er þess krafist að hann verði staðfestur.“

Ríkistollanefnd sendi kæranda kröfur ríkistollstjóra í málinu. Í svari hans er að finna nokkrar athugasemdir við kröfugerð ríkistollstjóra. Kærandi finnur ekki hugtakið „losanlegar yfirbyggingar“ í tollskrá. Ennfremur telur hann að tollstjóraembættið túlki ranglega skýringarrit Alþjóðatollastofnunarinnar en í því sé hvergi kveðið á um að skilja eigi gáma eftir á ákvörðunarstað. Þá sé hvergi talað um né þess krafist í skýringarritum að hægt skuli vera að taka af eða setja á fullhlaðinn gám. Auk þess sé hugtakið fullhlaðinn teygjanlegt hugtak.

Kærandi telur að úrskurður ríkistollanefndar nr. 3/1995 um gáma fjalli í öllum meginatriðum um vöru þá sem hér er til umfjöllunar. Að lokum ítrekar hann fyrri kröfur sínar í málinu.

Nefndarmenn töldu nauðsyn bera til að skoða vöru þá sem hér er deilt um tollflokkan á. Var það gert í vöruafgreiðslu L undir leiðsögn starfsmanna S sem mun vera eigandi af vörunni. Varan var þá komin í fulla notkun og var búð að setja svokölluð hraðtengi á leiðslur úr flutningsgrind og kælikassa til tengingar við bifreið.

Eftir að hafa skoðað vöruna telja nefndarmenn augljóst að hún uppfyllir ekki tvö af þeim atriðum sem fram eru sett við vörulið 8609 og fram koma á bls. 1542 í skýringarriti Alþjóðatollastofnunarinnar og talin eru einkennandi fyrir flutningskassa. Þessi atriði eru að flutningskassinn hafi einhvers konar búnað sem gerir það mögulegt að hægt sé að taka hann af flutningstækinu og setja hann aftur á það á auðveldan og fljótlegan hátt. En til að taka vörukassann, sem hér er deilt um tollflokkan á, af flutningsgrindinni þarf tvo lyftara, á honum eru ekki raufar fyrir lyftaraklær og hann er ekki með lykkjum til að hífa hann upp á. Gámur sá sem ríkistollanefnd fjallaði um í úrskurði sínum nr. 3/1995 og vitnað er til hér að framan var útbúinn lykkjum til hífingar, auk þess sem fram kom að hann var það sem kallað er „skiptikassi“, þ.e. búinn áfastri grind þar sem hægt er að slaka niður löppum þannig að vörubíll eða eftirvagn getur keyrt undan kassanum og hann staðið þannig til losunar eða lestunar.

Samkvæmt upplýsingum starfsmanna S er flutningskassi sá sem hér er til umfjöllunar aldrei tekinn af gámagrindinni fullhlaðinn því hann þoli það ekki þar sem aðalburðurinn er í gámagrindinni.

Þá ber að horfa til þess að við innflutning var varan samsett og ber því að flokka hana í samræmi við almennar túlkunarreglur tollskrárinnar númer 1 og 2 b.

Með vísan í framanritað og að öðru leyti með vísan í forsendur hins kærða úrskurðar tollstjóra og þeirra raka sem fram koma í greinargerð ríkistollstjóra kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð.

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, og almennra reglna um túlkun

tollskrárinnar nr. 1 og 2 b., úrskurðar ríkistollanefnd að hinn kærði úrskurður tollstjórans í H skuli standa óbreyttur.